



Mynd: Jón Sigurðsson.

## Mynd mánaðarins

### Jón Sigurðsson

svæfingalæknir  
[jsb24@internet.is](mailto:jsb24@internet.is)

Íslenskir læknanemar á krufninganámskeiði á vegum Háskólans í Glasgow sumarið 1969. Á námskeiðinu voru einnig danskir læknanemar. Tveimur árum áður höfðu Danir unnið Íslendinga 14:2 í hinum dæmalausum knattspyrnulandsleik í Kaupmannahöfn. Þótti íslensku læknanemunum kominn tími til að hefna ófaranna og skoruðu því Danina á hólmi í knattspyrnulandsleik læknanema á óháðum útivelli í Glasgow. Íslendingarnir unnu frækinn sigur 10:0.

Á myndinni eru frá vinstri: Skúli Bjarnason, Björn Magnússon, Kristján Arinbjarnarson, Magni Jónsson, Brynjólfur Mogensen, Hjalti Björnsson (látinn), Geir Friðgeirsson, Þorsteinn Gíslason, Kristján Steinsson og Arnar Ásgeirsson (látinn). Markvörðurinn Þórarinn Tyrfingsson var farinn í sturtu þegar myndin var tekin að leik loknum.